

50. gr.

Hafnarstjórn getur hvenær sem er, með boði til ákveðinna skipa eða með auglýsingum um almenna reglu, takmarkað siglingahraða skipa á höfninni.

51. gr.

Brot gegn reglugerð þessari eða reglum, sem hafnarstjórn kann að setja, samkvæmt heimild í þessari reglugerð og auglýsir, varðar sektum allt að kr. 100 000.00. Sektirnar renna í hafnarsjóð Neskaupstaðar.

52. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, nr. 190 5. nóvember 1963 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 26. apríl 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Vestur-Landeyjahrepps í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns í Vestur-Landeyjahreppi.

2. gr.

Hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps hefur á hendi stjórn vatnsveitunnar, en nefndin getur kosið eða ráðið einn eða fleiri menn til að annast rekstur veitunnar.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um allar Vestur-Landeyjar, þannig að hver vatnsnotandi hafi greiðan aðgang að tengja við veituna í mest 5 metra fjarlægð frá íbúðarhúsi eða öðru húsi þess í stað. Frá þeirri tengingu skal hver vatnsnotandi leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

4. gr.

Enginn má án leyfis leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæðum veitunnar. Skylt er húseiganda eða landeiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki hreppsnefndar, og með þeim útbúnaði, sem hún telur tryggan.

5. gr.

Hreppsnefnd getur látið loka fyrir vatnið vegna viðgerða á vatnsæðum. Slíka lokun skal tilkynna fyrirfram, ef tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þó að

slík lokun fari fram. Heimilt er og að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum eða greiða ekki vatnsskatt á réttum tíma.

6. gr.

Skylt er landeiganda að leyfa umferð á landi sínu vegna vatnsveitunnar, bæði vegna lagningar og viðhalds. Hver sá, er veldur spjöllum á vatnsveitunni, er skyldur að greiða fullar bætur.

7. gr.

Hreppsnefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar eru staðsettar, til athugunar og aðgerða. Ef útbúnaði er að einhverju leyti áfátt, skal húeigandi tafarlaust bæta úr því. Ella er hreppsnefnd heimilt að láta gera við það á hans kostnað.

8. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni því, sem leiða kann af reksturstruflunum, takmörkunum á vatnsnotkun eða af öðrum ástæðum.

9. gr.

Hver bóndi, íbúðareigandi eða annar sjálfstæður vatnsnotandi, skal greiða stofngjald kr. 75 000.00 — sjötíu og fimm þúsund krónur —, og skal greiða gjaldið að hálfu við byrjun framkvæmdar og seinni helminginn um leið og tenging við aðalæð fer fram. Þeir, sem síðar kunna að gerast aðilar að vatnsveitunni, greiði auk stofnkostnaðs allan kostnað við heimtaug sína úr aðalæð.

10. gr.

Vatnsskatt ber að greiða til vatnsveitu Vestur-Landeyjahrepps af öllum fasteignum í Vestur-Landeyjahreppi, af fasteignamatnsverði lands 1% og af fasteignamatnsverði húsa ½%. Eigandi hverrar eignar ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti þessum nemur. Heimilt er hreppsnefnd að hækka eða lækka vatnsskatt fyrir eitt ár í senn, þó aldrei meira en 50%.

11. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjald dagi vatnsskatts skal vera 1. júlí, og greiðist skatturinn í einu lagi fyrir liðandi ár. Stofngjald og vatnsskatt má taka lögtaki, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga og með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði eða aðfararveði.

12. gr.

Brot gegn þessari reglugerð varða sektum allt að kr. 5000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Mál vegna brota á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. apríl 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.